



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Skógræktin á Vesturlandi  
Hlynur Gauti Sigurðsson  
Hvanneyrargötu 3  
311 Hvanneyri

4. júlí 2018  
MÍ201710-0060/ 6.10 / M.A.S.

Minjavörður Vesturlands

Hafnargata 3  
340 Stykkishólmur

(354) 570 13 12  
(354) 895 18 80

www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

## Efni: Skógrækt í landi Hóls, Hörðudal, Dalabyggð.

Með tölvubréfi dagsettu 17. nóvember 2017 óskaði Hlynur Gauti Sigurðsson, skógræktarráðgjafi, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tilvonandi 199 ha. skógrækt í landi Hóls, Hörðudal.

Í umsögn, dagsett 23. október 2017 gerði Minjastofnun Íslands kröfu að svæðið yrði fornleifaskráð áður en farið verði úti skógrækt.

**Magnús A Sigurðsson**  
Minjavörður  
magnus@minjastofnun.is

Fornleifaskráning var gerð yfir svæðið 2018 (Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning í landi Hóls í Dalabyggð vegna fyrirhugaðrar skógræktar. Grundarfjarðarbæjar*. Fornleifafræðistofan 2018).

Minjavörður fór yfir skráningargögn og hafði engar athugasemdir. Minjarnar hafa verið settar inná uppdrátt og ætti ekki að stafa hætta af þessum framkvæmdum.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Magnús A Sigurðsson  
Minjavörður Vesturlands

*Afrit sent: Byggingarfulltrúa Dalabyggðar*

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.